

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (eigendaábyrgðir, eignarhald flutningsfyrirtækisins og frestun fyrirtækjaaðskilnaðar).

Frá 1. minni hluta atvinnuveganefndar.

Mál þetta var lagt fram á Alþingi 25. nóvember sl. Mælt var fyrir málinu og því vísað til atvinnuveganefndar 30. nóvember sl. Nefndin óskaði umsagna rúmlega tuttugu aðila og gaf þeim einungis fimm daga til að skoða málið enda lá þá fyrir að afgreiða þyrfti málið fyrir jólahlé. Ástæður þessarar knöppu málsmeðferðar komu fram á fundum nefndarinnar og verða tíundaðar hér síðar.

Áður en lengra er haldið tekur 1. minni hluti fram að hann er sammála efni þeirra kafla í nefndaráliti meiri hlutans sem bera heitin *Fjármálagerningar* og *Eignarhald á flutningsfyrirtækinu*. Snúa þær athugasemdir sem settar verða fram hér einungis að efni 6. gr. frumvarpsins.

Þrátt fyrir að 6. gr. frumvarpsins láti lítið yfir sér eru talsverðar líkur á að efni hennar muni hafa verulega slæm áhrif eins og rökstutt verður síðar. Með greininni er lagt til að framkvæmd ákvæða 2.–4. másl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga verði frestað til 1. janúar 2014. Í framangreindum málsliðum 14. gr. raforkulaga er dreifiveitum á dreifiveitusvæðum þar sem íbúafjöldi er meiri en 10.000 bannað að stunda aðra starfsemi en þá sem þeim er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt sérleyfum og lögum, með ákveðnum undantekningum þó. Að auki er kveðið á um að stjórn dreifiveitu skuli vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku. Er lagagreininni ætlað að tryggja sjálfstæði dreifiveitna m.a. í ljósi þess að flutnings- og dreifikerfið búi við náttúrulega einokun. Á grundvelli lagagreinarinnar átti sér stað formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf., sem annast virkjanir og raforkusölu, og HS Veitur hf., sem annast veitustarfsemi fyrirtækisins. Þá liggur fyrir að önnur fyrirtæki hafa farið eða eru að fara í gegnum slík uppskiptingarferli þó svo að Orkustofnun hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort aðskilnaður þeirra sé fullnægjandi. Ekki hefur enn orðið af sams konar uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur.

Í umsögnum og máli gesta á fundum nefndarinnar kom m.a. fram það álit að þau rök sem bjuggu að baki lagagreininni séu enn í fullu gildi. Telja þeir að Orkuveita Reykjavíkur hafi misnotað þá undanþágu sem fyrirtækið hefur haft frá banni 14. gr. raforkulaga, fyrst haustið 2010 þegar fyrirtækið hækkaði gjaldskrá raforkudreifingar um 40% en raforkusölu um 11%, þrátt fyrir yfirlýsingar um að hækkunarþörfin væri þveröfug, og síðar með undirboðum á raforku haustið 2011. Í ofanálag liggur fyrir staðfesting þess að Samkeppniseftirlitið sé að rannsaka hvort Orkuveitan hafi brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga og raforkulaga, m.a. með því að nýta einkaleyfisstarfsemi til þess að styðja við samkeppnisstarfsemi. Af framan-

greindu má teljast ljóst að í skjóli þeirra frestana sem hafa verið gerðar á gildistöku 2.–4. máls. 14. gr. raforkulaga hefur skapast rými sem gefur Orkuveitu Reykjavíkur færi á að misnota stöðu sína. Slík misnotkun hefur alvarlegar afleiðingar fyrir samkeppnisaðila hennar sem á endanum getur m.a. leitt til hækkana á raforkuverði til neytenda.

Eins og áður sagði hefur meðferð málsins á Alþingi verið knöpp og hröð. Á fundum nefndarinnar var upplýst að beiðni Orkuveitunnar um framlengingu á undanþágu frá 14. gr. raforkulaga barst iðnaðarráðuneytinu ekki fyrr en u.þ.b. fimm vikum áður en starfsáætlun Alþingis gerði ráð fyrir að þingstörfum yrði lokið fyrir jólahlé. Málflutning fulltrúa Orkuveitunnar á fundum nefndarinnar mátti skilja svo að eigendanefnd Orkuveitunnar hefði ekki fjallað um málið á fundum sínum á þessu ári eða a.m.k. hefði slíks ekki verið getið í fundargerðum hennar. Kom skýrt fram að starfsmenn hefðu nokkurn veginn lokið undirbúningsvinnu vegna aðskilnaðar en eigendanefndin hefði ekki enn ákveðið á hvaða félagsformi rekstur fyrirtækisins ætti að vera. Afleiðing þessa varð sú að tíminn sem Alþingi hafði til að vinna málið var mjög knappur. Alltaf lá fyrir að ef lengja ætti í undanþágutímabilinu þyrfti það að gerast fyrir áramót. Að mati 1. minni hluta eru framangreind vinnubrögð í besta falli ámælisverð og í þeim felst ákveðin lítilsvirðing við Alþingi og löggjafarstarfið.

Framangreindu til viðbótar vakti það strax athygli nefndarmanna að lagt var til að undanþága frá 14. gr. raforkulaga yrði í þetta sinn til tveggja ára, þ.e. til 1. janúar 2014. Í þau skipti sem lengt hefur verið í undanþágutímabilinu hefur það aðeins verið gert til eins árs í senn. Á fundum nefndarinnar kom svo fram að Orkuveitan hefði aðeins óskað árs framlengingar, iðnaðarráðherra hefði lagt hið sama til en í meðförum ríkisstjórnarinnar hefði málið breyst þannig að lögð var til tveggja ára framlenging. Af framangreindu verður vart önnur ályktun dregin en að ríkisstjórnin treysti því ekki að Orkuveitan standi við áform sín um aðskilnað á næsta ári. Að mati 1. minni hluta skapar það verulega varhugaverða stöðu og má sjá fyrir að hún skapi mikla óvissu meðal samkeppnisaðila Orkuveitunnar.

Eins og fram hefur komið rannsakar Samkeppniseftirlitið hvort Orkuveitan hafi brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga og raforkulaga. Á fundi nefndarinnar kom fram að rannsóknin stæði enn yfir en að henni kynni mögulega að ljúka eftir næstu áramót. Að mati 1. minni hluta er það til verulegs vansa að þeirri rannsókn skuli ekki vera lokið og lýsir hann hér með vonbrigðum sínum með þá stöðu.

Alþingi, 13. desember 2011.

Jón Gunnarsson,
frsm.

Einar K. Guðfinnsson.